

Yfirlýsingar stjórnvalda þverbrotnar

Ályktun stjórnar BSRB 20. október 2009

Stjórn BSRB krefst þess að stjórnvöld virði yfirlýsingar sem þau hafa gefið um að verja störf og kjör láglauna- og meðaltekjufólks. Lítils samræmis virðist gæta milli stefnumörkunar stöðugleikasáttmálans sem ríki og sveitarfélög skrifuðu undir í júní og hvernig niðurskurður opinberra aðila birtist í framkvæmd. Mörg sveitarfélög hafa gripið til uppsagna starfsfólks og skert grunnþjónustu þrátt fyrir að þau hafi lýst því yfir með undirritun stöðugleikasáttmálans að þau myndu forðast það. Í stöðugleikasáttmálanum segir orðrétt: „Í þeim aðhaldsaðgerðum sem sveitarfélögin standa frammi fyrir munu þau leggja áherslu á að verja grunnþjónustuna og störfin sem kostur er.“ BSRB krefst þess að sveitarfélögin standi við yfirlýsingar sínar.

Þá mótmælir BSRB því harðlega að kjör starfsmanna með minna en 400 þúsund krónur í laun séu skert enda ber slíkt ekki að gera samkvæmt ríkisstjórnarsamþykkt frá 18. ágúst sl. Í þeirri samþykkt kemur fram varðandi starfsmenn með yfir 400 þúsund króna heildarlaun á mánuði að haft skuli samráð við viðkomandi ráðuneyti og stofnanir þegar farið er yfir samsetningu heildarlauna og vinnufyrirkomulag. Markmiðið með því er að laun þeirra sem mest bera úr bótum rýrni hlutfallslega meira en hjá þeim sem lægri laun hafa. Dæmi eru hins vegar um að heildarlaun allt niður í 250 þúsund krónur séu skert. Þessu mótmælir stjórn BSRB harðlega.

Stjórn BSRB mótmælir því að vegið sé að almannaðjónustunni. Reynsla annarra þjóða sem gengið hafa í gegnum efnahagskreppur hefur sýnt að öflug almannaðjónusta er aldrei mikilvægari en á slíkum tímum.

Niðurskurður í starfsmannamálum í því skyni að bæta fjárhagsstöðu ríkis og sveitarfélaga mun bitna á almannaðjónustunni og verða þjóðfélaginu afar dýrkeyptur. Í stöðugleikasáttmálanum er kveðið á um að verja eigi „*störf jafnt á almennum vinnumarkaði sem og hjá hinu opibera eins og aðstæður leyfa.*“ Þrátt fyrir þessa yfirlýsingu eru að berast fregnir af því að segja þurfi upp allt að 400 til 500 starfsmönnum vegna niðurskurðar hjá einstökum stofnunum.

Þegar starfsfólki er fækkað eykst álagið verulega á þá sem eftir standa því verkefnið hverfa ekki. Slíkt eykur hættu á að mistök geti átt sér stað t.d. á heilbrigðisstofnunum þar sem álag á starfsfólk er nú þegar komið langt yfir þolmörk.